

12 **Lúðrasveit verkalýðsins  
rokkar með Villa**

Hljómsveitin 200.000 naglbítar og Lúðrasveit verkalýðsins slá saman í plötu og tónleika.

15 **Sínum gjöfum líkur**

Einar Kárason rifjar upp þá tíma þegar menn voru menn og Gvendur jaki lofaði ungmennum að Led Zeppelin skyldu þau sjá.

6 **Að krefjast breytinga**

Böðvar Bjarki Pétursson skoðar birtingarmynd verkalýðsbaráttu í íslenskum kvikmyndum fyrr og nú.



1. tölublad • 57. árgangur • Vorhefti 2008

# WINNAN

Tímarit hljóðusambands Íslands





## Hvað berð þú á borð fyrir þig og þína eftir langan vinnudag?

Allt hefur sinn stað og sína stund. Það á að vera jafn sjálfsagt að skila góðum vinnudegi og að njóta ánægjulegra samverustunda með þeim sem standa þér næst. Oft er gott að skilja vinnuna eftir þar sem hún á heima – í vinnunni.

**Þú hefur val. Njóttum tímans utan vinnu af heilum hug.**

# Verjum kjörin

É g vil byrja á því að óska launafólki innilega til hamingju með daginn. Það er hverjum manni hollt að rifja upp 1. maí þá löngu og ströngu vegferð sem íslenskur verkalyður hefur farið á síðustu 100 árum. Í þessu blaði má einmitt lesa um nokkra mikilsverða sigra verkalyðshreyfingarinnar. Sigra sem okkar kynslóðir, foreldrar okkar, afar og ömmur, langafar og langömmur unnu og við búum að.

Eftir góðæri undangenginna ára eru blíkur á lofti í íslensku efnahagslífi. Verkalyðshreyfingin gerði sér grein fyrir því á haustmánuðum hvert stefndi og því var það meginmarkmið kjarasamninganna sem náðust í febrúar að treysta kjör þeirra sem setið höfðu eftir í launaskriði síðustu ára,

hækka lægstu launin og það sem skiptir ekki minnstu máli: að semja á þeim nótum að verðbólga færi ekki á fleygiferð. Með mikilli samstöðu þar sem verkalyðshreyfingin stóð sem órofa heild náðust þessi markmið í kjarasamningunum 17. febrúar. Við gerðum góðan samning en óveðursskýin héldu áfram að hrannast upp á sjóndeildarhringnum. Í mars hrundi gengi krónunnar. Í framhaldinu var sorglegt að sjá hversu sum fyrirtæki í verslun og þjónustu voru fljót á sér að hækka verð, oftar en ekki langt umfram efnisleg tilefni. Þau voru að reyna að auka hagnað sinn á erfiðum tímum í efnahagslífi þjóðarinnar. Hvar var ábyrgðartilfinning fyrirtækjanna sem mörg hver áttu aðild að nýgerðum kjarasamningum? ASÍ hefur að undanfögnu kallað eftir samráði ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarinnar og góðu heilli er slíkt samráð nú hafið. Það olli vonbrigðum um daginn þegar ríkisstjórnin opinberaði sérkennilega túlkun sína á ákvæðum nýgerðra kjarasamninga. Ríkisstjórnin átti sjálf aðkomu að samningunum og fagnaði gerð þeirra með fögrum orðum en ákvað svo sjálf að hækka elli- og örorkulífeyri aðeins um 4-5.000 kr. en ekki 18.000 kr. eins og kjarasamningarnir kváðu á um skv. okkar skilningi. Það mál er þó góðu heilli ekki tapað og ASÍ treystir því að sú nefnd sem er að skoða það sjá að hér er um mikið sanngirnismál að ræða enda erum við að tala um þann hóp í samfélaginu sem býr við hvað lökust kjör. Ástandið á okkar veiku og óstöðugu krónu hefur kynnt undir umræðu um evru og hugsanlega inngöngu Íslands

í Evrópusambandið. Það er ljóst að EES-samningurinn hefur á undanförunum 15 árum veitt okkur mikla réttarbót en það er jafn ljóst að það er verulega tekið að fjara undan þeim samningi. Stjórnmalamenn verða því að hleypa í sig kjarki til að ræða næstu skref í Evrópumálum. Viðsemjendur okkar hjá Samtökum atvinnulífsins virðast ætla að mæta óstöðugleika í efnahagslífinu með evruvæðingu atvinnulífsins. Það að sumir okkar félaga muni eiga kost á evrulaunum og evrulánum en aðrir verði að búa við óstöðuga krónu með háum vöxtum er leið sem felur í sér óþolandi mismunur gagnvart almenningi í landinu og var í nýrri bók, *Hvað með Evruna?* eftir Eirík Bergmann Einarsson og Jón Þór Sturluson, talin versta mögulega leiðin við evruvæðingu Íslands. Það er þó rétt að halda því til haga að fjöldi fyrirtækja í landinu er þegar farinn að gera upp í evrum og það er vitaskuld þróun sem ekki verður stöðvuð. Þetta mál er það stórt og skiptir það miklu máli fyrir framtíð þjóðarinnar að Íslendingar eiga það skilið að stjórnmalamenn setji það á dagskrá og ræði fordómalaust.

Þó að ský hafi dregið fyrir sólu í efnahagslegu tilliti er óþarfi að örvænta. Lífskjör eru hér betri en víðast hvar á byggðu bóli, atvinnuleysi sáralítið og mannlíf allt í blóma. Verkalyðshreyfingin á sinn stóra þátt í því að Ísland er jafn góður staður að búa á og raun ber vitni. Við verðum hins vegar að halda vöku okkar og berjast fyrir þeim lífsgæðum sem mörgum okkar þykja fullkomlega sjálfsögð í dag. Þau eru það nefnilega ekki.

Verjum kjörin!

  
forseti ASÍ

Vinnan • 1. tölublað • 57. árgangur

Ritstjóri: Snorri Már Skúlason • Ábyrgðarmaður: Gylfi Arnbjörnsson  
Umbrot: EnnEmm • Prentun: Oddi • Ljósmyndir: Lárus Karl Ingason



# Vissir þú ...

## RÁÐNINGARSAMNINGUR

... að starfsmaður sem ráðinn er til lengri tíma en eins mánaðar skal eigi síðar en tveim mánuðum eftir að starf hefst fá skriflegan ráðningarsamning. Í ráðningarsamningi skal m.a. koma fram deili á atvinnurekanda og starfsmanni, upplýsingar um vinnustað, starfsheiti eða starfslýsing, fyrsti starfsdagur, lengd ráðningar sé hún tímabundin, orlofsréttur, mánaðarlaun eða vikulaun, t.d. með tilvísun til launataxta, aðrar greiðslur eða hlunnindi svo og greiðslutímabil, vinnutími, lífeyrissjóður, tilvísun til gildandi kjarasamnings og hlutaðeigandi stéttarfélags.

... að skriflegir og munnlegir ráðningarsamningar eru jafngildir að lögum. Eðli máls samkvæmt getur þó verið erfitt að sanna efni munnlegra yfirlýsinga hafi þær ekki verið staðfestar í skriflegum samningi.

## LÖGFRÆÐIADSTOÐ

... að stéttarfélög bjóða félagsmönnum aðgang að ókeypis lögfræðipjónustu. Þurfi félagsmenn að ná fram rétti sínum

gagnvart atvinnurekanda, þ.m.t. vegna vangoldinna launa. Þessi þjónusta sparar félagsmönnum bæði fé og tíma.

## SLYSATRYGGINGAR

... að atvinnurekanda er skylt skv. kjarasamningi að tryggja starfsmenn sína fyrir dauða, varanlegri læknisfræðilegri örorku og/eða tímabundinni örorku af völdum slyss við vinnu eða á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis. Tryggingin nær einnig til slysa sem verða við íþróttaiðkun, keppni og leiki, enda hafi slíkt farið fram á vegum atvinnurekanda eða starfsmannafélags.

## ATVINNULEYSI

... að grunntatvinnuleysisbætur fyrir þá sem hafa starfað samfellt í tólf mánuði á innlendum vinnumarkaði eru allt að 118.015 kr. á mánuði. Svokallaðar tekjutengdar atvinnuleysisbætur eru hins vegar greiddar fyrst í allt að þrjú mánuði frá þeim tíma sem grunntatvinnuleysisbætur hafa verið greiddar í byrjun. Tekjutengdar atvinnuleysisbætur geta verið allt 185.400 kr. á mánuði. Eftir það taka grunntatvinnuleysisbætur aftur við.

## VEIKINDARÉTTUR

... að atvinnurekendur er skylt samkvæmt lögum og kjarasamningum að greiða í sjúkrasjóði viðkomandi stéttarfélaga sem svarar til 1% af útborguðum launum starfsmanna. Miðað við starfsmann sem hefur 3.000.000 kr. í heildarlaun á ári þá greiðir atvinnurekandi hans 30.000 kr. í iðgjöld á ári eða 3.000 kr. á mánuði.

## JAFNRÉTTI

... að krafa launafólks um jafnrétti án tillits til kynferðis byggir ekki aðeins á lögum heldur einnig siðferðislegum gildum. Gætum að því.

## STÉTTARFÉLÖG

... að iðgjöldin sem dregin eru af launum þínum standa undir rekstri stéttarfélaga, gerð kjarasamninga og margvíslegru þjónustu við félagsmenn.

... að ríkistjórn og Alþingi hafa mikið samráð við stéttarfélög og samtök þeirra við undirbúning laga sem snerta hagsmuni launafólks.

## Framkvæmdagleði í fyrirrúmi



Hjá ÍSTAKI byggjum við á góðu starfsfólki og leggjum okkur fram við að skapa því gott starfsumhverfi og hvetjum það til að taka sjálfstæðar ákvarðanir. ÍSTAK leitar ávallt eftir framsæknu og hugmyndaríku starfsfólki í stjórnunarteymi sitt.

**ÍSTAK**  
Traustur verktaki

ÍSTAK hf. • Engjateigi 7 • 105 Reykjavík

Sími 530 2700 • Bréfsími 530 2724 • istak@istak.is • www.istak.is

# Fyrsta sumarstarfið forðaði mér frá rugli

segir Laufey Elíasdóttir leikkona



VINNAN

**S**umarið 1993 fór ég í unglिंगavinnuna. Það var sú vinna sem krökkum bauðst einna helst á þeim tíma. Ég hafði áður unnið við að passa börn á sumrin og hjálpað til í mótuneyti sem foreldrar mínir ráku í Borgartúninu. Það sem er kannski merkilegt við þetta sumar og vinnuna er hvað ég var litíð í vinnunni. Eiginlega bara sem betur fer. Vegna þess að þá hefði unglिंगadrykkja og einhver herlegheit algerlega tekið völdin. Á þessum tíma var ég sem sagt farin að fíkta við að drekka. Ég var meira að segja orðin það langt leið að ég fór heim í hádeginu úr vinnunni og fór í vinskápin hans þabba og skvetti í mig hinum og þessum áfengistegundum og hjólaði svo aftur í vinnuna. Það sem gerðist svo var að vinafólk systur minnar og mágs voru í bænum og gistu hjá þeim. Ég var og hef verið óttalegur heimalningur hjá þeim

skötu hjúum og var á staðnum þegar Árni og Lilja voru þar. Þau bjuggu á Skálá í Skagafirði með þrjú börn. Þau buðu mér að koma og vinna hjá sér það sem eftir lifði sumars. Það var nú ekki langt liðið á sumarið þegar þetta var. Ég stökk á þetta frábæra tilboð og sagði upp í unglिंगavinnunni. Ég fann fyrir ákveðnum létti að komast aðeins í burtu frá öllu saman. Á bænum var fjölskyldan, einn vinnumaður, ungur strákur sem var að ná sér út úr rugli, og ég, unga stúlkan sem hefði getað leiðst út í eitthvert rugl.

## HESTUR Í TUNNU

Það kom í minn hlut að gæta barnanna, brynna hestunum og svo fékk líka að prófa að fara á gröfuna og róta eitthvað í moldinni bak við húsið. Ég náði engum tókum á þessu litla tryllitæki, ætli karlmönnum á bænum hafi ekki bara fundist þetta

eitthvað fyndið. Ég vildi nefnilega ekki gefast upp. Þetta var ótrúlega skemmtilegt sumar í raun og veru. Ég fór með börnin í göngutúra upp í fjallshlíðina og upp með ánni sem lá í gegnum jörðina. Við fórum í feluleiki á túninu bak við baggana og bjuggum til listigarð úr drasli sem við fundum á jörðinni. Á næsta bæ bjó strákur sem átti bíl. Ég er ekki viss um að hann hafi haft bílpróf. En sportið var að fara á rúntinn með strákunum í sveitinni og setja sírenur á bílpakið og svo var spilið tónlist í botni. Einu sinni fékk ég að keyra bílinn. Ég vildi sýna ég væri nú enginn aumingi, heldur bara geðveikur töffari. Það endaði með því að ég var næstum búin að drepa okkur öll í heimreið bílastráksins.

Þegar sumarið var á enda keyrði Árni mig út á flugvöll. Hann samdi um launin við mig. Það var eitt stykki hestur sem endaði í tunnu.

# Að krefjast breytinga

Sé *Morðsaga* (1977) Reynis Oddssonar talin bíómyndin sem slær hljóminn fyrir íslenska kvikmyndavorið og *Stóra plan* (2008) Ólafs Jóhannessonar talin yngsta mynd íslenskrar kvikmyndasögu, þá eru leiknar íslenskar bíómyndir síðustu áratuga 105 talsins. Í einungis einni af þessum bíómyndum er verkalýðshetja í aðalhlutverki. Það er í myndinni *Inguló* (1992) eftir Ásdísi Thoroddsen þar sem Ingvar Sigurðsson í hlutverki stýrimannsins Skúla tekur að sér að bæta kjör verbúðarfólks í Krapafirði. Íslenskir kvikmyndagerðarmenn hafa þannig ekki sett verkalýðsmál og stéttabaráttu á oddinn í sinni listsköpun. Eða hvað?

Enginn miðill birtir raunveruleikann jafn ljóslifandi eins og kvikmyndin. Persónur sem birtast og sögur sem eru sagðar með kvikmyndaforminu geta

haft margháttaða skírskotun. Anna Sveinbjarnardóttir kvikmyndagagnrýnandi Morgunblaðsins benti á það í gagnrýni sinni á *Brúðgumanum* (2008) eftir Baltasar Kormák, að háskólakennarar þyrftu kannski að huga að ímynd sinni í þjóðfélaginu og vísar til aðalsöguhetjunnar í *Brúðgumanum* og til eiginmanns aðalsöguhetjunnar í sjónvarpsþáttunum *Pressunni* (2008) eftir Óskar Jónasson. Í báðum tilfellum birtust háskólakennarar sem kærulausir lúsablesar. Persónurnar voru greinilega teiknaðar upp sem táknmynd fyrir stétt. Þannig voru þær báðar í „einkennisbúningi“ háskólamanna, flauelsjökkum. Það er með þessum hætti sem kvikmyndin getur talað og haft áhrif, með réttu eða röngu.

Það eru hins vegar til enn skarpari dæmi um söguhetjur í bíómyndum, sem meðvitað frá hendi höfundarins standa fyrir

ákveðna stétt og þær vilja breytingar. Við skulum rifja upp kynni okkar af nokkrum þeirra.

## ÁGÚST OG HRAFN GAGNRÝNDU KAUPFÉLÖGIN

Í tímamótamyndinni *Landi og sonum* (1980) eftir Ágúst Guðmundsson er Sigurður Sigurjónsson í hlutverki Einars sem er ungur maður í norðlenskri sveit á fjórða áratug síðustu aldar. Það eru erfiðir tímar og Einar sér litla framtíð í þessu búhokri sem þrátt fyrir stöðugt strit skilar engu af sér nema auknum skuldum. Þegar faðir hans fellur frá ákveður hann að skera niður bústofninn, selja jörðina og fara burt. Í myndinni kemur fram gagnrýni á kaupfélagið og gefið er berlega í skyn að það hugsí fyrst og fremst um eigin hag en lítið um bændurna. Í atriði þar sem Einar hittir kaupfélagsstjórnann sem leikinn er af Magnúsi Ólafssyni gagnrýnir hann aðstæður sínar og segir kaupfélagin haldi allri framþróun niðri. Það hafi engan tilgang að basla áratugum saman til þess eins að auka skuldir sínar. Kaupfélagsstjórnin lýsir hinni erfiðu stöðu og að ekkert sé hægt að gera. Samúð áhorfandans liggur með Einari og auðvelt er að skilja afstöðu hans. Gagnrýnin á kaupfélagið er stingandi enda vakti hún mikla athygli í bók Indriða G. Þorsteinssonar (1963) og síðar í hinni velheppnuðu mynd Ágústs.

Ekki er hún síður grimm gagnrýnin á kaupfélagin í hinni finu mynd *Óðali feðranna* (1981), eftir Hrafn Gunnlaugsson. Þar höfum við piltinn Stefán sem leikinn er af Jakobi Þór Einarssyni. Stefán er á sama aldri og Einar í *Landi og sonum*, en tíminn er áttundi áratugurinn. Stefán býr ásamt móður sinni á föðurleifð sinni og þráir ekkert frekar en að komast burt. En skuldir



Baltasar Kormákur í hlutverki Badda í stórvirki Friðriks Þórs Friðrikssonar *Djöflaeyjunn* frá árinu 1996.



Jakob Þór Einarsson og Guðrún Þórðardóttir leika systkinin Stefán og Helgu í mynd Hrafn Gunnlaugssonar frá árinu 1981. Hér eru þau á tali við kaupfélagsstjórnann sem leikinn er af Ingimundi Jónssyni.

og gróf svik kaupfélagsins verða til þess að hann kemst hvergi. Myndin er harðskeytt ádeila á spillingu innan kaupfélaganna og samvinnuönnum þess tíma þótti hún mjög óforskömmuð. Stefán og Einar eru skýrar táknmyndir fyrir unga menn til sveita á 20. öldinni og baráttu þeirra við ofurvald kaupfélaganna – ásamt því að vera fagurlega skapaðar persónur af hendi kvikmyndahöfundanna.

Hafa verður í huga að á frumsýningatíma myndanna voru kaupfélögin í fullu fjöri og enginn trúði öðru en að þau ásamt Samvinnuhreyfingunni yrðu eilíf.

#### ANDHETJAN BADDI OG KVÓTABRASK Í HAFINU

Í hinu stórfenglega listaverki Friðriks Þórs Friðrikssonar *Djöflaeyjunni* (1996) sem byggð er á sögum Einars Kárasonar er ein aðalpersónan Baddi, sem er frábærlega leikinn af Baltasar Kormáki. Baddi er ein helsta andhetja íslenskrar kvikmyndasögu enda fátt skörulegt við hann. Drykkjuskapur og leti voru hans ær og kýr. Þrátt fyrir það verður hann að teljast uppreisnarseggur af bestu gerð. Í skitnum, fátæktinni og grimmdinni sem einkennir þetta sérstæða braggasamfélag, hegðar hann sér eins og kóngur og kemst upp

með það. Hann er ekki baráttumaður fyrir neinn nema sjálfan sig og verður þannig táknmynd, á sinn einkennilega hátt, fyrir stolt fátæka mannsins: „Show me some respect woman“.

Baltasar gerir síðan hina kraftmiklu og vel leiknu mynd *Hafið* (2002) eftir leikriti Ólafs Hauks Símonarsonar. Í því verki kemur upp sú einkennilega staða, út frá sjónarhorni verkalyðsbaráttu, að það er útgerðarmaðurinn Þórður, sem leikinn er af mikilli snilld af Gunnari Eyjólfssyni, sem er verkalyðshetjan. Þórður berst fyrir hina deyjandi stétt útgerðarmanna með velferð þorpsbúa að leiðarljósi. Andstæðingarnir eru spilltir kvótabraskarar sem svífast einskis. Það veikir Þórð mjög að fjölskyldan hans, nánast öll (og að því er virðist flestir innlendir þorpsbúar), er gjörspillt og ber hann þar sjálfur sína ábyrgð. Myndin hefur slagkraft og hljóm sem að einhverju leyti ómar enn miðað við stöðu margra sjávarbyggða.

Ásdís Thoroddsen tekur að sér, í hinni laungóðu mynd *Inguló* (1992), að gagnrýna verkalyðsfélögin. Þegar verbúðarfólk í Krapafirði gerir uppreisn og fer í verkfall vegna aðbúnaðar og mótuneytiskostnaðar, lendir útgerðarmaðurinn, leikinn snyrtilega af Tolla Morthens, í vanda. Hann hringir

því í vin sinn Sigvalda, háttsettan foringja hjá verkalyðshreyfingunni fyrir sunnan, leikinn unaðslega af Róberti Arnfinnssyni. Sigvaldi fær verkafólkið til að hefja aftur vinnu gegn því að foringi þeirra, Skúli (Ingvar Sigurðsson), fari með honum suður og vinni þar að kröfugerð. Þegar til á að taka eru engar efndir og tillögur Skúla eru svæfðar á landsfundi verkalyðsfélaga. Skilaboð myndarinnar eru skýr. Forystu-menn verkalyðsins eru á mála hjá atvinnurekendum. Gagnrýnin er ágætlega útfærð í myndinni og á einhvern hátt trúverðug. Hún endurspeglar sjónarmið sem stundum hafa verið til staðar hjá launþegum gagnvart verkalyðsfélögum.

Það mætti fjalla um fleiri myndir, t.d. *Atómstöðina* (1984), eftir Þorstein Jónsson og *Ungfrúna góðu og húsið* (1999), eftir Guðnýju Halldórsdóttur. En plássið rúmar ekki meira. Af þessum fáu dæmum verður því að draga þá ályktun að íslenskir kvikmyndagerðarmenn hafi, með listsköpun sinni og gagnrýni, átt sinn þátt í baráttunni fyrir bættum kjörum og betri heimi. Til hamingju með daginn launþegar og listamenn Íslands!

*Böðvar Bjarki Pétursson, forstöðumaður Kvikmyndaskóla Íslands*



## Efling-stéttarfélag vinnur fyrir þig - Sterkari saman!

Sætúni 1 • 105 - Reykjavík • Sími: 510 7500 • Fax: 510 7501 • [www.efling.is](http://www.efling.is)



- stendur með þér

### LAUN

## Vissir þú ...

... að endurgjaldið sem þú færð fyrir þitt vinnuframlag samanstendur ekki aðeins af laununum sem greidd eru mánaðarlega, heldur einnig ýmsum þeim réttindum sem kjarasamningar og lög tryggja þér. Þar á meðal rétt til orlofs, launaréttar í veikindum og slysum, slysatrygginga og reglna um uppsagnir.

... að starfsmaður skal fá launa-seðil við hverja útborgun þar sem sundurliða skal greiðslur. Sú sundurliðun á eðli máls samkvæmt ekki við um launaseðla starfsmanna á fastlaunasamningum. Allur frádráttur, s.s. vegna staðgreiddra skatta og framlaga í sjóði stéttarfélaga og lífeyrissjóði skal sundurliðaður. Þar sem við á skal skrá orlofsrétt skv. orlofslögum og áunninn frítökurétt vegna skerðingar á 11 klst. daglegri lágmarkshvöld.

... að heimilt er að greiða hluta fastra mánaðarlauna í erlendum gjaldmiðli eða tengja hluta fastra mánaðarlauna við gengi erlends gjaldmiðils með samkomulagi starfsmanns og atvinnurekanda.

... að orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) greiðist þann 1. júní miðað við fullt starfshlutfall og starfstíma á orlofsárinu. Þessa uppbót fá þeir starfsmenn sem verið hafa samfelld í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum m.v. 30. apríl eða eru í starfi 1. maí.



# BARN Í VÆNDUM

Besta ástæðan til að **hætta saman að reykja**



**RÁDGJÖF**  
Í REYKJÖNDINDI **800 6030**

Skráðu þig á gagnvirku heimasíðuna **reyklaus.is**



LÝÐHEILSUSTÖÐ





Mikil áhersla stéttarfélaganna á menntamál

## Mennt er máttur

Allt frá upphafi verkalýðshreyfingarinnar hér á landi hafa menntunarmál félagsmanna verið eitt af viðfangsefnum stéttarfélaganna. Byltingarkenndar breytingar í samfélaginu og ör þróun í atvinnulífinu kalla á nýja sýn í uppbyggingu allrar menntunar, ekki síst endurmenntunar og fullorðinsfræðslu. Áhersla á menntamál hefur aukist gífurlega á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar á allra síðustu árum.

Innan ASÍ er starfrækt fræðsludeild sem kallast MFA (Menningar og fræðslusamband alþýðu) sem sinnir félagslegri fræðslu trúnadarmanna og hefur sinnt almennri fullorðinsfræðslu og starfsmenntun síðan 1969. Í lok 9. áratugarins hóf MFA að þróa og skipuleggja starfsmenntanámskeið fyrir einstaka hópa launafólks, oftast á grundvelli kjarasamninga. Samhliða jókst þekking á þessum málaflokki hröðum skrefum og skilningur á því að treysta yrði lagalegan grundvöll, ábyrgð og skyldur samfélagsins gagnvart launafólki hvað varðaði starfsmenntun.

Árið 2002 var ákveðið að skilja félagsmálafræðsluna frá annarri starfsemi sem MFA hafði með höndum. Stofnað var einkahlutafélagið Mímir – símenntun ehf. sem ætlað var að reka og þróa frekar, almenna fullorðinsfræðslu og starfsmenntun og leita jafnframt samstarfs við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu um að Mímir yrði sí-

menntunarmiðstöð fyrir svæðið. Mímir – símenntun ehf. hóf starfsemi sína í janúar 2003 og er í eigu Alþýðusambands Íslands.

Meginmarkmið Mímis – símenntunar er að bjóða upp á nám fyrir fullorðna, þróa námsleiðir og hvetja fólk á vinnumarkaði til símenntunar og starfsþróunar. Námsframboðið er afar fjölbreytt en það spannar allt frá tungumála- og listanámi yfir í hip hop textagerð fyrir unglinga. Nánari upplýsingar um námsframboð má fá á heimasíðu Mímis, [www.mimir.is](http://www.mimir.is).

Í námstilboðum Mímis er unnið markvisst að því að efla færni fólks og bæta þannig stöðu þess á vinnumarkaði. Skipulag námsins tekur bæði mið að þörfum vinnandi fólks og atvinnulífsins hverju sinni.

Áhersla er lögð á samstarf við atvinnulífið um þróun fjölbreyttra námstilboða.

### UM NÁMIÐ – AFTUR Í NÁM

Aftur í nám er ætlað þeim sem komnir eru af unglingsaldri og eiga við lestrar- og skriftarörðugleika að stríða. Tilgangur námsins er að styrkja sjálfstraust námsmanna og þjálfa þá í lestri og skrift með aðferðum Ron Davis. Í „Aftur í nám“ er megináherslan á lestrar- og námsfærni námsmannanna.

Námið er 95 kennslustundir sem má meta til allt að 7 eininga í framhaldsskóla. Markmið námsins er að auka hæfni einstaklinganna til starfs og náms og stuðla að

jákvæðu viðhorfi til áframhaldandi náms. Námið byggir ekki eingöngu á frammistöðu og ábyrgð einstaklings heldur einnig samvinnu og samábyrgð allra sem koma við sögu þess. Námsárangur er ekki aðeins vitnisburður um frammistöðu einstaklings. Námsárangur er einnig vitnisburður um aðstæður til náms og vitnisburður um árangur af samvinnu námsmanna og leiðbeinenda. Engar kröfur eru gerðar um lágmarks skólagöngu áður en nám hefst og námsmenn gangast ekki undir formleg próf.

### NÁMSMARKMIÐ:

Að námsmenn

... séu færir um að tjá sig um lestrar- og skriftarörðugleika og áhrif þeirra á sjálfstraust.

... þekki samhengi milli sjálfstrausts og framkomu og áhrif þeirra í samskiptum við aðra.

... þekki helstu þætti sem hafa áhrif á sjálfstraust.

... þekki hvernig einstaklingur hefur áhrif á það hvort sjálfstraust hans er mikið eða lítið.

... þekki hvernig þeir geta öðlast færni í að byggja upp sjálfstraust sitt.

... þekki grundvallaratriði góðra mannlegra samskipta og mikilvægi þeirra fyrir veliðan einstaklingsins og árangur í starfi.

Mikla áherslu ber að leggja á samstöðu og traust manna í milli vegna sérstakrar reynslu fólks með lestrar- og skriftarörðugleika. Ennfremur er áhersla lögð á ólík samskiptamynstur og mismunandi framkomu fólks. Ákveðni, óákveðni og ágengni í samskiptum. Áhrif mismunandi sjálfstrausts á framkomu fólks. Atriði sem helst geta ógnað sjálfstrausti og hvernig bregðast megi við. Leiðir til að stuðla að betra sjálfstrausti og öruggari framkomu þannig að fólk nái betri árangri í samskiptum, sé ánægðara og líði betur. Ýmis atriði í samskiptatækni, s.s. að hlusta, að gagnrýna, að taka gagnrýni, að leysa ágreining. Helstu atriði varðandi samskipti á vinnustað og vinnustaðamenningu, einelti og helstu leiðir til að koma í veg fyrir það.

### NÁMSLÝSING:

Byggt er á aðferðafræði Ron Davis sem miðar að því að námsmenn tileinki sér tækni til að halda athygli og úthaldi við lestur og skrift auk þess að bæta lesskilning. Lögð er áhersla á ábyrgð einstaklingsins á námi sínu. Hann er hvattur til að þjálfa sig áfram að námskeiðinu loknu. Heimilt er að meta raunfærni námsmanna og fækka fjölda einkatíma hjá þeim sem standa vel að vígi. Einkatímar þar sem námsmaður mótast stafrófið, orð og hugtök í leir. Slökun, athygli og úthald eru þjálfuð með sérstakri tækni. Stuðnings- og hvatamaður námsmanns, til áframhaldandi náms, er þjálfaður.



Nám getur brotið niður hindranir

## Lesblindur í námi

Aftur í nám er einhvað sem allir ættu að skoða ég mun í þessu bréfi tala um mína reynslu af því að skella mér aftur á skólabekk sem er ekkert grín eftir að hafa verið í 20 ár í dvala frá námi, og hvernig þetta fór allt saman fram og hvað gerðist og hvað ég sé að gera núna.

Ég heiti Hálf dán og ég er mjög venjulegur maður sem er kurteis og vinn mína vinnu en það sem færri vita er að ég mjög lesblindur og í mörg ár leið mér mjög illa yfir því ég hafði ekki farið með mínum skólafélgum í nám og útskrifast í því sem ég hafði áhuga á þeim tíma. Ég hef aldrei haft gaman af lestri þar sem ég mundi ekkert hvað gerðist og yfirleitt var ég kominn í minn eigin hugar-

heim og í engu samhengi við söguþráð sögunnar. Árin liðu og ég var alltaf að spá hvað væri eiginlega málið með mig ég reyndi að fara í skóla en hætti þegar ég þurfti að lesa og ég var búinn að sannfæra mig um að ég myndi alltaf vera í illa launaðri vinnu þar sem ég gæti ekki lært. Í raun var ég bara á flóttu undan því að vilja gera einhvað í málinu.

Ég var svo kominn yfir þritugt þegar góður vinur minn benti mér á námskeið fyrir lesblinda á vegum Mímis. Ég ákvað að skoða þetta og í ljós kom að þetta „nám“ var verkefni sem styrkt var að verkalyðsfélaginu sem ég þá borgaði í. Ég sló til og skráði mig þegar þarna er komið þá hafði ég hætt 3 svar í

skóla þar sem ég gekk alltaf á vegg og var í vinnu sem hentaði mér fint þ.e. litlar kröfur og lítil ábyrgð. Ég borgaði restina úr mínum vasa en mínum vinnuveitanda var fullljóst hvað ég væri að gera og veitti mér fullan stuðning.

### ÚTSKRIFAST ÚR IÐNSKÓLA HAFNARFJARÐAR

Ég man þegar ég gekk inn í fyrsta tímarnum þarna var saman kominn allskonar fólk með mismunandi uppruna og í öllum stéttum. Þetta var mjög spes tilfinning en innst inni þá vissi ég að ég væri á réttum stað. Það er bara gaman að segja frá því að fyrsti hluti þessa náms var sjálfstyrking sem mér fannst skipta verulega máli þar sem oftast en ekki er lítið sjálfstraust þegar komið er á þennan stað í lífinu en Smátt og smátt fórum við að kynnst og feimnin hætti að vera til fyrirstöðu og innan tíðar vorum við orðin góðir félagar og enn í dag er ég að spjalla við fólk sem var með mér og mér þykir svo gaman að heyra að þeim gengur vel.

Eftir þetta frábæra námskeið á vegum MíMIS sem ég gæti talað fallega um í mörgum erindum, lærði ég svo margt og varla hægt að telja það allt upp en m.a. orkuskipting, stilling, öndun, og að ógleymdum leirnum sem er snilld jú sem lesblindir þá sjáum við voða mikið myndrænt sem ég tel vera mikinn kost. Leiðbeindur mínir sannfærðu mig um að ég gæti vel unnið áfram og skyldi halda áfram að læra og klára námið mitt. En ég hafði fyrir mörum árum byrjað á rafvirkja námi. Ég ákvað að slá til og ég skráði mig í Iðnskóla Hafnarfjarðar og fékk þar fullgilda greiningu á lesblindu og fékk því allar bækur sem ég þurfti að lesa á hljóðbók og þá fóru hlutirnir að gerast ég hlustaði á bækurnar og fylgdist með á bókinni. Það er gaman að segja frá því að ég náði öllum bóklegum áföngum með þryði og eftir að ég fór aftur í iðnnámið mitt þá féll ég ekki í einni grein og um síðustu jól þá útskrifaðist ég frá Iðnskólanum í Hafnarfirði með alveg hreint fína meðaleinkunn.

Að lokum vil ég benda þeim sem eru lesblindir á að það er til lausn og hana færðu hjá MÍMI og kvet alla þá sem eru þarna úti að stíga skrefið því að hvað mig varðar þá breyttist allt mitt líf ég vinn sem rafvirkur í dag sem er mun meira krefjandi og ábyrgðarmeiri vinna en sú sem ég hafði sannfært mig um að ég myndi enda með. Og allir þeir sem vinna hjá Mími vil ég þakka alveg svakalega ég ælta ekki að nafngreina neinn en án ykkar liði mér sennilega enn illa.

*(Það var með vilja að greinin var ekki prófarkalesin til að sýna svart á hvítu þann árangur sem Hálf dán náði hjá Mími-símenntun).*

Með samtakamætti hefur vinnandi fólk breytt samfélaginu

# Stærstu sigrar ASÍ



## VÖKULÖGIN 1921

Fyrsti stóri sigur hins unga Alþýðusambands var samþykkt hinna svokölluðu vökulaga á Alþingi en þau kváðu á um 6 tíma lágmarks-hvild. Fram að því voru engin takmörk fyrir því hversu lengi var hægt að láta fólk vinna. Þess voru dæmi að sjómenn á togurum stæðu sólarhringum saman í aðgerð og sögur voru um að hásetar hafi dottið sofandi ofan í kósina með hnif í hendi eftir slíkar maraþonvökur. Slíkt gekk vitanlega nærri líkamlegri heilsu manna enda entust þeir ekki nema örfá ár við þessar aðstæður. Þeir létu þetta harðræði þó yfir sig ganga af ötta við atvinnumissi.

## LÖG UM VERKAMANNABÚSTAÐI 1929

Verkalýðshreyfingin hóf snemma afskipti af húsnæðismálum og ein af kröfunum í fyrstu kröfugöngunni 1. maí 1923 var „engar kjallarakompur – holla mannaþustaði“. Í maí 1929 afgreiddi Alþingi lög um byggingu verkamannabústaða. Tilgangurinn með lög-unum var að hjálpa þeim verkamönnum að eignast sómasamlegt húsnæði sem bjuggu við þröngan húsakost og gátu ekki komið sér upp íbúð sjálfir án fyrirgreiðslu um lán.

## LÖG UM ALMANNATRYGGINGAR 1936

Lög um alþýðutryggingar tóku gildi 1936 og Tryggingastofnun ríkisins var sett á stofn til að sjá um framkvæmdina. Samkvæmt þeim voru allir kaupstaðarbúar, 16 ára og eldri, skyldaðir til að vera í sjúkrasamlagi. Þarna var lagður grunnur að því velferðarkerfi sem við Íslendingar búum við í dag. Árið 1945 voru síðan sett lög um almannatryggingar sem náðu til allra þjóðfélagsþegna.

## VINNULÖGGJÖFIN 1938

Með setningu laganna urðu verkföll lögleg en þeim mátti þó aðeins beita í kaupdeilum og því aðeins að þau hafi verið boðuð með sjö daga fyrirvara.

## ORLOFSMÁLIN 1942

Árið 1942 öðlaðist allt íslenskt launafólk rétt til orlofs. Með kjarasamningunum það ár fékkst 12 daga sumarleyfi og atvinnurekendur samþykktu að greiða 4% í orlof. Dögumum fjölgaði í 18 árið 1956.

## ATVINNULEYSISTRÝGGINGAR 1956

Sex vikna verkfallið svokallaða 1955 skall á í kjölfar langvarandi atvinnuleysis og mikillar kjaraskerðingar. Það einkenndist af hörku þar sem hvorki verkalýðshreyfingin né atvinnurekendur og ríkisvald hvikuðu. Fór svo á endanum að samið var um 10% kauphækkun og lengingu orlofs. Það sem hafði hins vegar mest áhrif til langs tíma var að ríkisstjórnin gaf fyrirheit um að samþykkja lög um atvinnuleysistryggingar. Frumvarp þess efnis hafði verið flutt á hverju þingi í 14 ár en ávallt verið fellt eða svæft í nefnd.

## LÍFEYRISJÓÐIR 1969

Samkomulag náðist í kjarasamningum árið 1969 um að koma á fót lífeyrissjóðum fyrir allt launafólk innan ASÍ. Í samkomulaginu var kveðið á um skylduáðild að þessum sjóð-um. Skyldugreiðslur í lífeyrissjóði hófust 1. janúar 1970. Lífeyrissjóðirnir eru grundvall- aðir á samtryggingu og samhjálpu. Þeim er ætlað að tryggja félögum sínum, mökum og börnum sómasamlega afkomu ef atvinnu- tekjur bregðast vegna elli, örorku eða andláts.

## SJÚKRASJÓÐIR 1979

Árið 1979 var grundvöllur sjúkrasjóða tryggður þegar atvinnurekendur var skylt

samkvæmt lögum að greiða 1% af útborguðu kaupum í sjúkrasjóð nema samið hafi verið um hærri greiðslu í kjarasamningum. Tilgangur sjúkrasjóða er fyrst og fremst að greiða félagsmönnum bætur í sjúkra- og slysatilfellum eftir að launagreiðslum frá atvinnurekanda lýkur.

## FEDRAORLOF 2000

Árið 2000 voru samþykkt á Alþingi ný lög um fæðingar- og foreldraorlof. Lögin voru m.a. árangur af starfi ASÍ í þessum málaflokki. Helstu markmiðin með lögum voru að tryggja rétt barns til að njóta samvista við báða foreldra og að gera körlum og konum mögulegt að samræma fjölskyldulíf og atvinnuþátttöku. Árið 2006 var hugtakanotkun í lögum breytt þannig að þau náðu til réttinda samkynta foreldra sem annarra.

## EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL 2005

ASÍ hefur lagt ríka áherslu á að styrkja vinnu- markaðinn og treysta réttindi og stöðu þeirra útlandinga sem starfa hér á landi. ASÍ hefur ráðist af krafti gegn félagslegum undirboðum sem nokkuð hefur borið á hér á landi á undanföllum árum og vakið athygli á að allir tapi á félagslegum undirboðum og ólöglegri atvinnustarfssemi með erlendu verkafólki.



# Að tefla saman rokk sveit og Lúðrasveit verkalýðsins er einfaldlega hrikalega töff

- segir Villi naglbítur



**H**ljómsveitin 200.000 naglbítar heldur upp á 15 ára afmæli sitt í ár. Í tilefni tímamótanna ætla hljómsveitin að senda frá sér safn sinna vinsælustu laga en það sem verður frumlegt við þessa safnplötu er að naglbítarnir ætla að rugla saman reitum við Lúðrasveit verkalýðsins við gerð plötunnar. *Vinnan* hitti foringja naglbítanna, Vilhelm Anton Jónsson, í hljóðveri um miðjan apríl.

## HUGMYNDIN?

Í ár eru 15 ár síðan 200.000 naglbítar unnu Hljómsveitarkeppnina Glerárvisjón, í Glerárskóla á Akureyri. Þetta var í fyrsta skiptið sem við komum fram sem 200.000 naglbítar. Ég var 15 ára og Kári og Axel hafa þá verið 14. Við spiludum þrjú lög, Lóa, lóa eftir Megas, sem við fluttum mjög illa og rangt. Come together með Bítlumum sem við flutt sennilega enn verr og síðan einn frumsaminn blús og ef mig minnir rétt var ekki mikið varið í hann. En dómnefndin sá eitthvað í þessum ungu strákum sem þeim þótti þess virði að splæsa gullmedalíu á.

Það er í raun tilviljun að þetta verkefni ber uppá afmælisárið en við eigandi.

Hugmyndin er nokkura ára. Ég hafði einhvern tímann látið mér detta í hug að það væri töff að fara í risastórt samstarf með Lúðrasveit verkalýðsins. Rokk- og popp-hljómsveitir hafa

unnið með Sinfó, gosspekkórum, big-böndum og hinu og þessu. Það er ekkert nema gott um það að segja en að vinna með Lúðrasveit verkalýðsins er einfaldlega meira töff.

## Skipti það þig miklu að fá áhugamanna-hljómsveit í verkefnið?

Já, það var alveg á hreinu strax því konseptið er fálleg þannig. Eins hef ég tröllatrú á því að velja fólk til samstarfs með tilliti til áhuga og þjálfu upp getu og kunnáttu. Ef við hefðum fengið fagmenn með okkur hefði þetta hljómað öðruvísi og verið allt annað verkefni í alla staði. Lúðrasveit verkalýðsins er líka hljómsveit sem býr yfir miklum krafti og mörgum reyndum og góðum spilurum sem e.t.v. hafa ekki fengið að njóta sín sem skildi. Núna fá þau heldur betur að púla og fá tækifæri til að spila fyrir fólk sem e.t.v. hefur ekki lagt sig eftir því að hlusta á lúðrasveitatonlist.

## ÞEGAR BROTIÐ ER Á RÉTTINDUM LAUNAFÓLKS ÞARF AÐ SETJA HNEFANN Í BORDIÐ Af hverju þessi lúðrasveit?

Fyrir mér er Lúðrasveit verkalýðsins virðuleg hljómsveit, hennar hlutverk hefur verið að fara fyrir göngu launafólks fyrsta maí og hún ljær henni ákveðinn kraft og hátíðleika.

Ég viðurkenni samt alveg að mér fannst nöfnin hljóma svo vel saman, 200.000 naglbítar og Lúðrasveit verkalýðsins. Það er eitthvað fallega kraftmikið við þennan dúett. Síðan eftir að samstarfið hófst sá ég að þetta var alveg rétt valið. Það tóku allir svo vel í þetta og eru að leggja sig mikið fram. Venjulega æfir sveitin einu sinni í viku en núna er búið að fjölga æfingum og breyta öllu fyrirkomulagi. Þetta verkefni hefur örugglega gefið þeim tækifæri til að verða betri hljóðfæraleikarar og margir að gera hluti sem þeir hafa ekki gert áður sem er ný reynsla sem þau eiga eftir að búa að alla ævi.

## Skynjar þú rokk og ról í verkalýðsbaráttunni?

Já. Það er alltaf rétt að standa upp þegar brotið er á réttindum fólks og setja hnefann í borðið. Eins er alltaf rétt að standa með þeim sem vinna undirstöðustörf í samfélaginu og hafa ekki uppskorið sanngjarnan hlut. Undanfarin ár hefur illa upplýst fólk merkt verkalýðsbaráttuna sem hallærislega og óþarfa. Það ber vitni þröngsýni og fávísku þeirra sem halda slíku fram. Það eru fáir sem hafa mjög mikinn hag af því að starf verkalýðsfélaga og barátta launafólks sé sem veikust. Þá geta menn brotið á réttindum fólks til að hagnast sjálfir. Það er nauðsynlegt að við áttum okkur á því hvers við getum vænst af verkalýðsfélögum. Hvaða rétt launafólk hefur og hvert það getur leitað til að fá upplýsingar og aðstoð með sín mál.

Ég gleðst yfir því að við búum í samfélagi þar sem menn geta með dugnaði og krafti komið sér í störf sem þeir fá vel greitt fyrir. Það segir mér að við búum í samfélagi þar sem við getum gert vel við alla og í því er lítil sómi að gera ekki vel við alla þegar vel gengur og við fögnum hverju metárinu á fætur öðru. Það er til fólk hér á landi sem virðist alltaf vera síðast að fá að njóta ávaxta en er um leið það fyrsta sem verður að herða ólina þegar kreppir að og taka þannig skellinn af hinum.

## STJÓRNANDI LÚÐRASVEITAR-INNAN LYKILMAÐUR

### Hvernig viðtökur hefur þessi stórskrítta en skemmtilega hugmyndin fengið?

Hugmyndin hefur fengið frábærar viðtökur alls staðar sem hún hefur verið kynnt. Það sjá allir strax hvað þetta er magnað samstarf. Þetta er verkefni sem spannar langan tíma og kostar mikið og þeir sem ég hef leitað til eftir samstarfi eða styrkjum hafa allir tekið mjög vel í hugmyndina og í versta falli óskað okkur góðs gengis og sagst ekki getað verið með núna. En það sem



skiptir mestu máli er hversu vel lúðrasveitin tók þessu frá upphafi.

Ég sendi þeim póst á heimasíðuna þeirra og sagðist heita Villi, gaf þeim símann minn og það um að stjórnandinn hringdi í mig. Hann heitir Snorri Heimisson og hringdi í mig tveim dögum seinna og þá fór allt á fullt. Við hittumst á kaffihúsi og ég kynnti honum það sem mig langaði að gera og hann var eins og þotueldsneyti á eld. Ég gíraðist allur upp við viðtökurnar og allt fór af stað.

Ég get alveg fullyrt að Snorri, að öðrum ólöstuðum, er lykilmáðurinn í þessu öllu. Ekkert hefði gerst ef hann hefði ekki tekið svona vel í hugmyndina og síðan stýrt sveitinni í gegnum æfingar og upptökur. Ég skil ekki alveg hvernig hann virkar, ég hef aldrei hitt neinn eins og hann sem getur verið í jafngóðu skapi, jafnlengi við jafnerfiðar aðstæður og skilað því sem þarf að skila. Ég veit líka að það er mikil ánægja með hann innan lúðrasveitarinnar. Hann tók við henni fyrir einu og hálfu ári og síðan þá hefur fjölgað í henni og fullt að gerast. Það er of sjaldgæft að rekast á svona menn og þegar maður gerir það er um að gera að rækta og varðveita það. Það er meira en að segja það að stýra hópi fólks sem er jafn fjölbreyttur og ólíkur og Lúðrasveit verkalyðsins er. Þarna er fólk frá 13 ára upp í rúmlega fimmtugt. Með ólíkan bakgrunn og mismikla kunnáttu. En allir eiga það sameiginlegt að vilja spila tónlist. Og það er stjórnandans að virkja það og halda þeim loka. Snorri gerir það.

*Þú ert verkstjórinn, lýstu aðeins verkferlinu fram á þennan dag.*

Fyrsta verk var að finna útsetjara. Við völdum fimm frábæra útsetjara. Þælingin með því var tvíþætt. Annars vegar til að útsetningar yrðu fjölbreyttar og hins vegar til að geta fengið þær í tveimur hollum, frekar en að ein og ein væri að skila sér inn. Ferlið er svo að útsetjarar vinna hver við sitt lag og skila inn á ákveðnum degi. Þá æfir lúðrasveitin lögin fimm og síðan er farið í hljóðver og þau tekin upp. Um leið og því er lokið koma seinni lögin frá útsetjurum og ferlið endurtekur sig.

Þegar lúðrasveitin hefur spilað sinn hluta koma naglbítar í hljóðverið og gera sitt.

Þetta ferli hófst í janúar og upptökum lýkur ekki fyrr en í júní. Þá er sumarfrí og síðan verður byrjað að æfa fyrir tónleika.

#### MIG HEFUR LANGAÐ TIL AÐ LABBA ÚT OG HENDA HUGMYNDINNI

*Hafa þér aldrei fallist hendur í þessu þúslopili?*

Þetta er mjög mikil vinna. Sérstaklega þar sem ég er að framleiða þetta og stýra verkefninu. Eftir að ég heyrði fyrstu útsetningararnar sat ég með gæsahúð því mér fannst þetta svo flott. Sum lögin voru stór og kraftmikil og önnur viðkvæm og svo fallegar hreyfingar í þeim að ég táraðist. Við erum mjög heppnir með útsetjara.

Þeir eru ólíkir sem gerir

það að verum að

platan verður

flottari heild

fyrir vikið.

Það var búið að vara mig við að á fyrstu æfingu myndi þetta ekki hljóma eins og úr tölvunni. Ég bjó mig undir það. Ég þekki ekkert til í heimi þar sem þarf að lesa nótur, geri það ekki sjálfur, þannig að ég veit ekkert við hverju á að búast þegar ég mæti. En á þeirri æfingu langaði mig að labba út og henda þessari hugmynd. Ég hélt að þetta myndi aldrei ganga upp og ef svo ólíklega vildi til að þetta myndi einhvern veginn komast svo langt að fara í hljóðver, þá yrði eitthvert stórslys þar og ég færi á hausinn. En hægt og rólega skreidd þetta saman og fljótlega var þetta farið að hljóma alveg hrikalega töff.

Síðan kom æfing á annan í páskum. Á æfingunni fyrir páska hafði allt gengið upp og allt hljómaði vel. Mikill kraftur og allir í stuði. En annan í páskum hrundi allt. Allir þreyttir, enda búið að æfa mjög stíft og sennilega frekað viljað vera heima hjá sér. Þá langaði mig að blása þetta af því það var svo stutt í að við færum í hljóðver með lögin sem var verið að murka lífið úr. En maður á aldrei að efast, aldrei að hika og á næstu æfingu var toppformið komið aftur og lúðrasveitin töfraði farm kraft, hörku og mýkt eins og henni einni er lagið. Þá var ég glaður.

Við byrjuðum á seinni fimm lögunum um daginn. Munurinn á fyrstu æfingu núna og fyrstu æfingu með hin lögin er ólýsanlegur. Núna voru þeir sem voru óöruggir síðast miklu öruggari og greinilega farið mikið fram.

*Hvað er lúðrasveitin að gera fyrir músíkina þína?*

Það er mjög góð tilfinning að hlusta á 40 blásara spila flottar útsetningar af laginu manns. Þegar allir eru rauðir í framan af áreynslu er magnaður kraftur í gangi og





SJÚKRASJÓÐIR STÉTTARFÉLAGA

## Vissir þú ...

... að sjúkrasjóðir stéttarféлага greiða dagpeninga í a.m.k. 120 daga (4 mánuði) í veikinda- og slysaforföllum í a.m.k. 120 daga (4 mánuði), að loknum greiðslum skv. veikinda- og slysaréttarákvæðum kjarasamninga. Upphæð dagpeninga miðast við 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.

... að sjúkrasjóðir stéttarféлага greiða dagpeninga í a.m.k. 90 daga (3 mánuði) að loknum kjarasamningsbundnum greiðslum launagreiðanda vegna langveikra og alvarlega fatlaðra barna. Upphæð dagpeninga m.v. starfshlutfall sjóðfélaga miðast við 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.

... að sjúkrasjóðir stéttarféлага greiða dagpeninga í a.m.k. 90 daga (3 mánuði) vegna mjög alvarlegra veikinda maka. Upphæð dagpeninga m.v. starfshlutfall sjóðfélaga miðast við 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.

... að sjúkrasjóðir stéttarféлага greiða dánarbætur í formi eingreiðslu við andlát virks og greiðandi sjóðfélaga sem nema a.m.k. 180.000 kr. m.v. starfshlutfall hans. Réttahafar eru maki sjóðfélaga og börn hans undir 18 ára aldri. Bótafjárhæð miðast við launavísitölu pr. 1.7. 2006 og tekur sömu breytingum og hún.

... að sjúkrasjóðir margra stéttarféлага veita ýmiss konar styrki til sjóðsfélaga í formi forvarnar- og endurhæfingarstyrkja og styrkja vegna sjúkra- og slysakostnaðar.

... að greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarféлага eru fjármagnaðar með iðgjöldum sem atvinnurekendur greiða samkvæmt lögum og kjarasamningum. Þau réttindi sem launamenn ávinna sér í sjúkrasjóðum stéttarféлага á grundvelli þessara iðgjalda eru hluti af almennum starfskjörum þeirra.

einhver galdur á sér stað. Lögin eru flest kraftmikil og hörð en um leið er í þeim mikil melódía og það hentar lúðrasveit mjög vel. Það er galdur að heyra túbur og barítóna og básúnur bryðja sig í gegnum botninn, saxafónana og klarinetten eins og litlar sprenghjör og horn að rífa sig upp í einhvern guðlegan tón og svo eru trompetin eins og stjörnur og flauturnar eins og silkslæður.

### TÓNLEIKAR ERU LEIKHÚS

*Eru þessir andstæðu hljóðheimar að ná saman?*

Já algerlega. Þetta hefur ekki verið gert áður á Íslandi a.m.k. ekki svona stórt verkefni og þarna eru tvö mjög kraftmikil öfl að hittast og útkoman verður mögnuð. Það er mikið slagverk í sveitinni og Benni trommar svo ofan á það þegar við á. Núna þarf Kári ekki að hafa miklar áhyggjur af því að búa til botninn því brassið sér algerlega um það. Bassinn skilar meiri tilfinningu núna og keyrslu. Hann keyrir þetta áfram. Gítarinn leggst svo ofan á allt saman, vælandi og bjagaður. Síðan syng ég í lokin. Þetta eru magnaðir heimar.

*Hljómsveitarbúningurinn er eitt af einkennum lúðrasveitarinnar og hingað til hefur hann ekki þótt vera neitt sérstaklega töff. Skiptir búningurinn máli í þessu dæmi öllu? Tónleikar eru leikhús. Þú ferð á tónleika*

til að heyra tónlist flutta lifandi og ert um leið að taka inn upplifun með hinum skynfærunum. Það verður alltaf töff að vera í stórum hópi og einkennisbúningi. Það er ekki til í dæminu að ræða það eitthvað að það verði ekki búningar á tónleikum. Naglbítar verða í sparifötum og lúðrasveitin í búningi. Hitt væri bara fullt af fólki með lúðra og hljóðfæri uppi á sviði, eins og eitt- hvert tónlistarskólasmáspil. Það er lítið töff.

*Hvað svo?*

Platan kemur út í haust og tónleikar fljótlega eftir það. Við eigum eftir að fara yfir hversu marga tónleika við getum haldið en stefnan er sett á að komast á nokkra staði á landinu. En það er hrikaleg dýrt að setja upp tónleikana, flytja 50 manns, græja mat og gistingu, flytja hljóðfæri og svo hljóðkerfið sem þarf fyrir þetta. Og svo má ekki gleyma því að það þarf stórt svið, svona 80-100 fermetra.

Fyrstu tónleikarnir verða vonandi á Menningarnótt í Reykjavík. Þá munu hljómsveitirnar tvær koma fram í fyrsta skipti með þetta verkefni, undir merkjum ASÍ sem hefur stutt okkur. Það verður mjög spennandi og ég hlakka mikið til. Síðan förum við norður og spilum á Akureyri og svo aftur í Reykjavík. Vonandi náum við fleiri stöðum inn. Þetta er svo spennandi og flott að það verði sem flestir að fá tækifæri til að sjá þetta á sviði.

# Hver er sínum gjöfum líkur

Af stórmönnum þjóðfélagsins þegar ég var að alast upp held ég að litríkustu verkalyðsforingjarnir hafi örugglega slagað í virðingu upp í forsetann og ríkisstjórnina og ekki staðið mörgum þrepum lægra en Halldór Kiljan og Sigurbjörn biskup. Á áratugum verðbólgu, stéttabaráttu og gengisfellinga þá var tilfinningin sú að hagur og heill alþýðheimilanna stæði kannski og félli með því hversu forystumenn verkalyðsfélaganna væru tilbúnir að láta auðvaldið og stjórnvöldin heyra sannleikann umbúðalaust og á kjarnyrtri íslensku. Mér koma í hug menn eins og Hannibal Valdimarsson, sem reyndar var orðinn þingmaður og svo ráðherra á mínum æskuárum; mitt fólk var að vestan eins og Hannibal og við vorum því með honum í liði og ég fékk ungur að heyra að Hannibal væri nú maður sem ekki léti kúga sig eða tuska svo glatt ef hagur og heill hinna undirokuðu væri að veði. Maður lærði sögur um það að hann hefði staðið sig svo vel í launaátökum á Bolungarvík fyrir á árum að stéttarandstæðingar hefðu orðið að bregða á það ráð að binda hann og kefla og flytja í motorbát yfir til Ísafjarðar, og alltaf þegar Hannibal sást í ræðustól kom upp í huggann mynd af honum í böndum ofan í bátslúkar í særokinu. Eða Eðvarð Jónsson í Dagsbrún; ungum var mér bent á húsið sem hann bjó í, Litlu-Brekku við Suðurgötu, sem var ólíkt öllum öðrum húsum vegna þess að það var einhvers konar burstabær með torfpaki; þarna byggði maður sem helgaði lífi sínu því baráttumáli að almenningur gæti búið í nútímahúsum með kúdogleri og svölum og rafhaeldavél, en léti sér sjálfum lynda torfkofann og hlóðældhúsið eins og forfeðurnir. Það var ekki brudlið og óhófið á þeim bænum.

Minnisstæðastur hlýtur þó öllum að vera sjálfur Gvendur jaki. Guðmundur J. Guðmundsson var þá varaformaður Dagsbrúnar og formaður Verkamannasambandsins og mun hafa slegið í gegn í þessum bransa í gífurlegu allsherjarverkfalli sumarið áður en ég sjálfur fæddist. Hann hafði auðvitað allt til að bera sem sæmði foringja alþýðunnar;

þetta heljarmenni með hetjufirbragðið og tóbakspontuna og rödd eins og hún væri sótt ofan í Lakagíga. Ég man að alltaf þegar hann sagði „verkamenn“ eða „Dagsbrúnarmenn“ þá lét hann það hljóma eins og alveg sérstakt virðingarheiti - sem það auðvitað og var.

Ég sá Gvend fyrst í návígi snemmsumars árið sem Led Zeppelin komu hingað að spila hljómleika á Listahátíð; það hefur líklega verið 1970. Þá leit um tíma út fyrir að allsherjarverkfall gæti afstýrt tónleikumunum, og var það áhyggjuefni æskufólks. Framtakssamir strákar smöluðu þá saman tilfallandi unglingum, þar á meðal mér, í mótmælaáðgerðir sem meðal annars báru okkur að Alþingishúsinu þar sem þingmenn sátu inni og ræddu kjaradeiluna. „Við viljum Zeppelin!“ æptum við unglingarnir á Austurvellinum. Þá kom þessi tröllvaxni maður fram í gættina, leit yfir okkur með glettnislegum svip, tók í nefið og sagði: „Veriði róleg börnin mín, þið fáið hann Sjapplín ykkar.“

Fortöluhæfileiki Gvendar hlýtur að hafa verið einstakur, enda tókst honum yfirleitt að fá þorra Dagsbrúnarmanna á sitt band og sætta sig við sneið eftir að hafa sjálfur æst þá í að heimta helst alla þjóðarkökuna. Einhvern tíma á árunum þegar ég var í menntaskóla og allt æskufólk sem yfirleitt var með hjarta var róttækt og byltingarsinnað, þá var boðað til Dagsbrúnarfundar í Austurbæjarbíói til að kjósa um nýgerða kjarasamninga. Það höfðu verið hörð verkfallsátök og Jakinn, þá orðinn formaður Dagsbrúnar, hafði stappað í menn stálinu og margsað að verkamenn myndu aldrei sætta sig við minna en fimmtíu prósent kauphækkun. En varð að semja um minna eins og gengur og var nú mættur á Dagsbrúnarfund með samning uppá einhver rúmlega tuttugu prósent. Þarna

var nú lag til að gera byltingu, æsa menn upp í að fella samningana, og róttækasta vinstrið smalaði mönnum á fundinn; mér var falið að mæta þar sem ég hafði unnið hjá Ísbirninum og Togaraafgreiðslunni sumarið og jólin þar á undan og átti félagsskirteini. Gömlu verkakallarnir, bakland Jakans, voru auðvitað í meirihluta í salnum en þeir voru líka fúllir yfir að hafa ekki fengið helmingshækkunina og þegar Jakinn hafði kynnt samningana en róttækustu og mælskustu trotskiistarnir og marx-lenínistarnir komið í kjölfarið og tætt í sig undanlátssemina og kallað Jakann og afganginn af stjórninni verkalyðsrekendur og sósialfasista þá fengu þeir mikinn hljómgrunn; það hvarflaði ekki að ungmenni sem sat úti í sal að stjórnin fengi nokkurn mann á sitt band. Einna síðastur kom í pontu gífurlega mælskur lenínisti sem hæddist að orðum og gerðum forystunnar í litríku máli og endaði á, við mikinn fögnuð í salnum, að rétta Jakannum, sem sat við hlið ræðupúltsins, eina rós. Sagði að þeir hefðu fengið tólf stykki í búkett fyrir almennilegan samning, en þessi smán sem nú væri boðið upp á verðskuldaði varla þessa einu rós.

Það var með storminn í fangið sem Jakinn fór í ræðustól. En þegar hann fékk loksins hljóð í salnum tók hann ofan gleraugun, sneri rósinni milli fingranna og sagði:

„Ég vil byrja á að þakka síðasta ræðumanni fyrir þetta blóm. Það er að vísu úr plasti, en hér gildir eflaust sem jafnan fyrir að hver er sínum gjöfum líkur.“

Svo voru samningarnir samþykktir með þorra atkvæða. Þetta var þegar menn voru menn. Verkamenn og Dagsbrúnarmenn.



# Vissir þú ...

## UPPSAGNIR

... að starfsmaður á rétt á viðtali um starfslok sín og ástæður uppsagnar og skal setja fram beiðni þar um innan 4 sólarhringa frá því uppsögn kom fram. Fallist atvinnurekandi á þessa ósk skal viðtal eiga sér stað innan 4 sólarhringa. Ef atvinnurekandi fellst ekki á viðtal eða ef starfsmaður óskar þess að loknu viðtali, þá skal atvinnurekandi skýra ástæður uppsagnar skriflega. Fallist atvinnurekandi ekki á að veita skriflegar skýringar á starfsmaður rétt á því að hann gefi skýringar á uppsögninni á fundi með starfsmanninum og trúnaðarmanni hans eða öðrum fulltrúa stéttarfélags hans.

## STÉTTARFÉLÖG

... að kjarasamningar hafa lögum samkvæmt almennt gildi. Hið lagalega gildi kjarasamninga hefur m.a. þau áhrif að öll ákvæði í ráðningarsamningum starfsmanna um lakari starfskjör en kjarasamningurinn kveður á um eru ógild.

... að stéttarfélög svara hundruðum símtala á degi hverjum um túlkun kjarasamninga og leiðbeina félagsmönnum sínum um margvísleg málefni er varða stöðu þeirra á vinnumarkaði.

... að stéttarfélög bjóða upp á styrki til endurmenntunar.

## FÉLAGSGJÖLD/FÉLAGAFRELSI

... að við endurskoðun á stjórnarskrá íslenska lýðveldisins árið (1996) komst nefnd sérfræðinga að þeirri niðurstöðu að ákvæði laga og kjarasamninga um skyldu atvinnurekanda til að draga félagsgjald af launum starfsmanna og skila til viðkomandi stéttarfélaga stangist ekki á við ákvæði stjórnarskrárinnar um rétt manna til að standa utan félaga.

... að launamaður sem hefur 3.000.000 kr. í heildarlaun á ári greiðir 21.000 kr. til síns stéttarfélags ef félagsgjaldið er 0,7% eða 1.750 kr. á mánuði.




**VERJUM  
SÆKJUM**  
þann rétt sem við eigum!

Hafðu samband:  
[www.rafis.is](http://www.rafis.is)



**RAFIDNADARSAMBAND  
ÍSLANDS**

P. Ó.







FÉLAG BÓKAGERÐARMANNA  
Hverfisgötu 21 • 101 Reykjavík • Pósthólf 349  
121 Reykjavík • Sími: 552 8755 • Fax: 562 3188





VINNAN

 Samfylkingin

  
NEYTENDASTOFA

  
Starfsgreinasamband Íslands

  
VÍSIR

  
mjólk er góð



  
SAMTÖK  
STARFSMANNA  
FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

  
REYKJANESBÆR

  
VERKALYDIS OG SAMMANAFÉLAG  
REFLANNA OG NÁÐEMIS

  
Samtök iðnaðarins

  
BÚREKSTRARDEILD  
Egghæð 1 • 210 Reykjavík • 101  
Símanúmer: 400 1000 • Fax: 400 1001

  
Lífeyrir  
Samráðs  
Stjórnun

  
Braskopjáltafélag  
Íslands

  
SEMENTSVERKSMÍÐJAN



  
Samiðn  
SAMBAND IÐNÉLAGA

  
LYFJAVER APÓTEK

  
NÝSKÖPUNARSÍÐUR



  
RAFÍÐNAÐARSKÓLINN

  
MÍMIR  
símenntun

  
RÚMFATA  
LAGERINN  
HEKINGI • KAUBI • HEIMLI

  
Pípulagna  
VERKTAKAR ehf

  
SLÖMANNNA OG VÉLSTÖÐRAFÉLAG  
GRINDAVÍKUR

  
Stéttarfélag Vesturlands

  
VM  
Félag vélstjóra  
og málmtækimanna

  
MATVÍS



  
VEFA

  
Verkalyðsfélag Stykkishólms

# Vinnan þakkar stuðninginn ...



## REYKJAVÍK

Blikksmiðja Reykjavíkur, Súðarvogi 7  
Eignamiðlunin ehf, Síðumúla 21  
Ernst & Young hf, Borgartúni 30  
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Grensásvegi 13  
Félag íslenskra hljómlistarmanna, Rauðagerði 27  
Félag leiðsögumanna, Mörkinni 6  
Félagsstofnun stúdenta, Hringbraut  
Fjarhitun hf, Suðurlandsbraut 4  
Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Ármúla 14  
Fuglar ehf, Skeifunni 19  
GB Tjónaviðgerðir ehf, Draghálsi 6-8  
Gjögur hf, Kringlunni 7  
Hanza - hópurinn ehf, Suðurlandsbraut 52  
Háfell ehf, Skeifan 11  
Hreinsibílar ehf, Hólmaslóð 12  
Hvíta húsið hf, auglýsingastofa, Brautarholti 8  
Kjaran ehf, Síðumúla 12-14  
KPMG hf, Borgartúni 27  
Landssamband lögreglumanna, Grettisgötu 89  
Lögmannafélag Íslands, Álftamýri 9  
Menntamálaráðuneytið, Solvhólsgötu 4  
Menntaskólinn við Sund, Gnoðarvogi 49  
Mjólkurfræðingafélag Íslands, Stórhöfða 31  
Múrarameistarafélag Reykjavíkur, Skipholti 70  
Núgi ökuskólinn ehf, Klettagörðum 11  
OPM ehf, Höfðabakka 3-7  
Póstmannafélag Íslands, Grettisgötu 89  
Ráðhús Reykjavíkur, Ráðhúsinu  
Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1  
SÍBS, Síðumúla 6  
Sleipnir, bifreiðastjórufélag, Mörkinni 6  
Starfsmannafélag Reykjavíkur, Grettisgötu 89  
Stálsmiðjan ehf, Mýrgötu 10-12  
Suzuki bílar hf, Skeifunni 17  
Útanríkisráðuneytið, Rauðarárstíg 25  
Verkalýðsráð Sjálfstæðisflokks, Háaleitisbraut 1  
Verkstjórufélag Reykjavíkur, Skipholti 50d  
Verslunin Brynja ehf, Laugavegi 29  
Vélar og verkfæri ehf, Skútuvogi 1c  
Vinnueftirlit ríkisins, Bildshöfða 16  
Vinnuálastofnun, Hafnarhúsinu Tryggvagötu 7  
Ökuskóli S.G. sf, Suðurlandsbraut 16  
Öryrkjabandalag Íslands, Hátúni 10

## SELTJARNARNES

Seltjarnarnesbær, Austurströnd 2

## KÓPAVOGUR

Alur blikksmiðja ehf, Smiðjuvegi 58  
Árnardalur sf, Þinghólsbraut 58  
Glófi ehf, Auðbrekka 21  
Íslandsspil sf, Smiðjuvegi 11a  
Kópavogsbær, Fannborg 2  
S. Helgason ehf, Skemmuvegi 48  
Smurstöðin Stórahjalla ehf, Stórahjalla 2

## GARÐABÆR

Loftorka Reykjavík hf, verktaki, Miðhrauni 10

Samhentir - VGI ehf, Austurhrauni 7

## HAFNARFJÖRÐUR

Alcan á Íslandi hf, Straumsvík  
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð, Gullhelli 1  
Hvalur hf Hafnarfirði  
Lerkiverktakar ehf, Skúlaskeiði 26  
Rafrún ehf, Gjótuhrauni 8  
RST Net ehf, Álfhelli 6  
Spennubreytar, Trönuhrauni 5

## REYKJANESBÆR

Grímsnes ehf, Háseyla 36  
OSN Iagnir ehf, lðavöllum 4a  
Rafiðnaðarfélag Suðurnesja, Hafnargötu 90  
Reykjaneshöfn, Víkurbraut 11  
Verslunarmannafélag Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14

## KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli, Flugstöð Leifs Eiríkssonar

## GRINDAVÍK

Verkalýðsfélag Grindavíkur, Víkurbraut 46

## SANDGERÐI

Fiskmarkaður Suðurnesja hf, Hafnargötu 8

## GARÐUR

Nesfiskur ehf, Gerðavegi 32

## MOSFELLSBÆR

Biobú ehf, lífrænar mjólkurvörur, Neðra-Hálsi  
Nújja bílasmiðjan hf, Flugumýri 20  
Reykjalundur - plastiðnaður ehf, Reykjalundi

## AKRANES

Verkalýðsfélag Akraness, www.akranes.sgs.is

## GRUNDAFJÖRÐUR

Ragnar og Ásgeir ehf, Sólvöllum 7

## SNÆFELLSBÆR

Verkalýðsfélag Snæfellsbæjar, Ólafsbaut 19

## HELLISSANDUR

KG Fiskverkun ehf, Melnesi 1  
Sjávariðjan Rifi hf, Hafnargötu 8

## ÍSAFJÖRÐUR

Bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1  
Félag járníðnaðarmanna, Pólgötu 2  
Lífeyrissjóður Vestfirðinga, Hafnarstræti 9-13  
Orkubú Vestfjarða hf, Stakkanesi 1

## HNÍFSDALUR

Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf, Hnífaldsbruggju

## BOLUNGARVÍK

Bakkavík hf, Hafnargötu 80-96

## SÚÐAVÍK

Súðavíkurhreppur, Grundarstræti 3

## PATREKSFJÖRÐUR

Nanna ehf, v/Höfnina

## STAÐUR

Bæjarhreppur, Hlaðhamar  
Verkalýðsfélag Hrutfirðinga, Borðeyri

## BLÖNDUÓS

Blönduós bær, Hnjúkabyggð 33  
Húnavatnshreppur, Húnavöllum

lðnsveinafélag Húnavetninga, Þverbraut 1  
Samstaða, skrifstofa verkalýðsfélaga, Þverholti 1  
Vélsmiðja Alla ehf, Efstabraut 2

## SAUÐÁRKRÖKUR

Fisk - Seafood hf, Eyrauvegi 18  
lðnsveinafélag Skagafjarðar, Sæmundargötu 7

## SIGLUFJÖRÐUR

Fjallabyggð, Gránugötu 24  
Þormóður rammi - Sæberg hf, Gránugötu 1-3

## AKUREYRI

Arnarneshreppur, Þrastarhóli 2  
Félag málmíðnaðarmanna Akureyri, Skipagötu 14  
Höldur - Bílaleiga Akureyrar, Tryggvabraut 12  
Lostæti ehf, Naustatanga 1  
Rafvirkjafélag Norðurlands, Skipagötu 14  
Sjómannafélag Eyjafjarðar, Skipagötu 14  
Verkstjórufélag Akureyrar og nágrennis, Skipagötu 14

## GRÍMSEY

Sígurbjörn ehf, útgerð, Öldutúni 4

## ÓLAFSFIÖRÐUR

Sjómannafélag Ólafsfjarðar, Brekkugötu 9

## HÚSAVÍK

Húsavíkurbær, Ketilsbraut 9  
Skóbúð Húsavíkur ehf, Garðarsbraut 13

## MÝVATN

Skútustaðahreppur, Hlíðavegi 6

## ÞÓRSHÖFN

Geir ehf, Sunnuvegi 3  
Langanesbyggð v/Nausts, Fjarðarvegi 3  
Verkalýðsfélag Þórshafnar, Langanesvegi 18

## VOPNAFIÖRÐUR

Vopnafjarðarhreppur, Hamrahlíð 15

## EGILSSTAÐIR

Hraðbúð ESSO www.khb.is, Kaupvangi 6

## SEYÐISFIÖRÐUR

Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44

## ESKIFJÖRÐUR

Eskja hf, Strandgötu 39

## NEKAUPTSTAÐUR

Sparisjóður Norðfjarðar, Egilsbraut 25

## SELFOSS

Grímsneshreppur og Grafningshreppur, Stjórnsýsluhúsinu Borg  
Set ehf, róraverksmiðja, Eyrauvegi 41  
Verslunarmannafélag Suðurlands, Austurvegi 56

## HVERAGERÐI

Eldhestar ehf, Völlum

## ÞORLÁKSHÖFN

Frostfiskur ehf, Hafnarskeiði 6

## VÍK

Mýrdalshreppur, Austurvegi 17

## VESTMANNAEYJAR

Ísfélag Vestmannaeyja hf, Strandvegi 28  
Narfi ehf, Strembugötu 8  
Sjómannafélagið Jötunn, Skólavegi 21b



# Við móttum samfélagið We shape society My kształujemy społeczeństwo



Í tilefni af 1. maí, alþjóðlegum baráttudegi launafólks, sendir AFL launafólki á Austurlandi og um land allt baráttukeðjur.

AFL Starfsgreinafélag varð til við sameiningu verkalýðsfélaga frá Bakkafirði í norðri að Skeiðará í suðri. AFL hefur tekist á við stór verkefni, sem hafa fylgt stórfelldri uppbyggingu á miðausturlandi. Jafnframt hefur félagið verið í fararbroddi í nýjum verkefnum á sviði menntunar, endurhæfingar og málefna erlends launafólks á íslenskum vinnumarkaði.

Við lítum framtíðina björtum augum og erum reiðubúin til að takast áfram á við krefjandi verkefni við móttun samfélagsins.

Á 1. maí lítum við um öxl og metum árangurinn en horfum jafnframt fram á við og búum okkur undir átök komandi missera.

*Kveðja,  
stjórn, starfsfólk og trúnaðarmenn  
AFLs Starfsgreinafélags*



On the occasion of May Day, International Workers' Day, AFL sends solidarity greetings both to workers in the East and to other workers throughout the whole country.

AFL – the East Iceland Federation of Trade Unions – came into being with the amalgamation of trade unions from Bakkafjörður in Northeast Iceland to Skeiðará river in the Southeast. AFL has tackled the massive tasks accompanying the huge construction projects in the middle of East Iceland. Yet AFL has also kept at the forefront in the labour movement, through progressive efforts in education, employment retraining, and the concerns of foreign workers in the Icelandic labour market.

We within AFL look forward to the future, ready and willing to take on the challenging task of social reform.

May Day gives us an opportunity not only to look back and judge our achievements, but also to look forward and prepare ourselves for the struggles awaiting us.

*Greetings from the board, staff and shop stewards of AFL – the East Iceland Federation of Trade Unions*



Z okazji 1-go maja, międzynarodowego dnia Święta Pracy, AFL przesyła waleczne pozdrowienia wszystkim robotnikom na wschodzie Islandii a także w całym kraju. Związek Zawodowy AFL powstał przez połączenie związków zawodowych od Bakkafjörður na północy do Skeiðará na południu. AFL podejmował się dużych zadań, które związane były z powstaniem aglomeracji w środkowej wschodniej Islandii. Związek jest również przewodnikiem w realizowaniu projektów na polu edukacji, resocjalizacji oraz problemów emigrantów na islandzkim rynku pracy.

Ufnie patrzymy w przyszłość i jesteśmy gotowi podjąć wymagające zadania w kształtowaniu społeczeństwa.

1-go maja spoglądamy przez ramię i szacujemy nasz rezultat, równocześnie patrzymy w przyszłość i przygotowujemy się do walki w następnych semestrach.

*Kierownictwo, pracownicy oraz mężowie zaufania związków zawodowych AFL*

